

**Samráðsdagur á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins 28. október 2010.**

## **Hvernig kemur aðstoð þriðja geirans og opinberra aðila að sem bestum notum? Hjálp til sjálfshjálpar.**

### **Samantekt í lok samráðsdags.**

Yfirskrift þessa samráðsdags er **Hjálp til sjálfshjálpar; Hvernig kemur aðstoð þriðja geirans og opinberra aðila að sem bestum notum**. Við höfum hlýtt á góð erindi og heyrt um framtíðarsýn fjölmargra sjálfboðasamtaka sem öll hafa það að markmiði að hjálpa þeim sem minna mega sín í okkar samfélagi. Það er augljóst að ef þessi mikilvægi félagsauður væri ekki til staðar í okkar samfélagi væri staða margra þeirra hópa sem erfitt eiga mun verri en nú er.

### **En spurningin er hvernig kemur aðstoð þessarar aðila og opinberra aðila að sem bestum notum?**

Í áhugaverðu erindi Mads Rouke Clausen, framkvæmdastjóra Mæðrahjálparinnar í Danmörku, kom fram að samtökin eru sjálfboðasamtök á sviði mannúðar sem styðja einstæðar, ungar og verðandi mæður og fjölskyldur með börn á margvíslegan hátt. Hann nefndi dæmi um fjölbreytt verkefni, ýmis konar ráðgjöf sem á að bæta hag kvennanna og verkefni sem eiga að gleðja og koma í veg fyrir mismunun eins og afmælishópurinn sem heldur upp á afmæli barna þegar á þarf að halda.

Mér fannst áhugavert það sem hann sagði um þær breytingar sem samtökin gengu í gegnum, þegar starfsemin var endurskoðuð og ákveðið að leggja áherslu á færri verkefni. Með því móti var hægt að sinna þeim betur og á markvissari hátt.

Hugmyndin um að fá starfsfólk fyrirtækis með sérþekkingu til að aðstoða konurnar varðandi fjárhagsleg eða lagaleg málefni var einnig áhugaverð en markmið þess var að styrkja stöðu kvennanna og stuðla að sjálfstæði þeirra í framtíðinni. **Mæðrahjálpin danska leggur áherslu á ráðgjöf og hvatningu sem stuðlar að breytingum á aðstæðum**. Enda hlýtur það að vera markmið hjálparsamtaka að stuðla að breytingum sem geta bætt líf fólks til framtíðar; **að hjálpa til sjálfshjálpar**.

Það var athyglisvert að sjá hvernig danska Mæðrahjálpin metur árangur þeirra verkefna sem hún sinnir. Það er nokkuð sem við gætum gert meira af í þriðja geiranum hér á landi. Ég tel að það að sjá árangurinn í tölum hljóti að vera hvatning fyrir sjálfboðaliðana um að þeir séu að vinna gott starf. Einnig getur sýnilegur árangur samtakanna verið hvati fyrir opinbera aðila til að fela þeim ákveðin afmörkuð verkefni á sviði velferðar. Danska félagsmálaráðuneytið hefur komið á fót

ráðgjafahópi sjálfboðasamtaka og hefur með fjárhagslegum stuðningi hvatt til þess að hópurinn stuðli að eflingu samstarfs sjálfboðasamtaka. Þessi vettvangur er mikilvægur, getur haft mikil áhrif og einnig verið opinberum aðilum til ráðgjafar. Við getum eflaust lært heilmikið af dönsku Mæðrahjálpinni. Mads Rouke benti þó á að hvert samfélag þarf að finna sér sínar eigin leiðir í hjálparstarfi, meta hvar þörfin er brýnust og hvaða aðferðir eru vænlegastar til árangurs. En það sem við getum helst lært af dönsku Mæðrahjálpinni er að **vinna að markvissum verkefnum innan samtakanna, meta árangur þeirra og stuðla að samvinnu við önnur hjálparsamtök og opinbera aðila.**

Gunnar Sandholt, formaður Samtaka félagsmálastjóra og félagsmálastjóri í Skagafirði, fjallaði um velferðarþjónustu og góðgerðarstarfsemi og kom inn á nokkra þætti sem greina á milli þessara þátta. Eftir að hafa rakið þróun aðstoðar frá ölmusu til réttinda lagði hann áherslu á mikilvægi þess að **notandinn haldi reisn sinni og sjálfstæði.** Ég held að allir sem að þessum málum koma séu sammála þessu. Hann lýsti samstarfi þriðja geirans og félagsþjónustunnar í Skagafirði þar sem þess er gætt að trúnaður sé virtur og oft viti gefandi matargjafa ekki hver þiggjandinn sé. Hann velti því einnig fyrir sér hvort það sé nauðsynlegt að hafa hátt um aðstoðina. Þarna er spurning um hvaða aðferðum hjálpar- og sjálfboðasamtök beita til að vinna að úrbættum eða vekja athygli á vanda skjólstæðinga sinna. Sum þeirra telja að með því að vekja athygli fjölmiðla og almennings á löngum biðröðum fólks sem biður eftir matargjöfum sé athygli ráðamanna best náð en aðrir vinna störf sín í hljóði.

Það var afskaplega fróðlegt að heyra fulltrúa samtaka þriðja geirans segja frá starfi sínu og hvernig þeir líta til framtíðar. Samtökin sem hér voru kynnt voru um margt ólík og aðferðir þeirra við að aðstoða þá hópa sem þarfnast hjálpar eru fjölbreyttar. **Fjölbreytnin er styrkur þriðja geirans,** hann á að geta brugðist fljótt við þegar þörf krefur og veitt einstaklingsmiðaða aðstoð eins og fulltrúi Rauða kross Íslands talaði um. Greinilegt er að þrátt fyrir fjölbreytnina þá eru mörg hjálparsamtök að sinna sömu verkefnum, svo sem matar- og fatagjöfum og aðstoð við lyfjakaup.

Mér fannst standa upp úr kynningu samtakanna að flest þeirra vilja meiri samstarf, bæði hvert við annað og við opinbera aðila. Fulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar kom með tillögu um að samtökin hefðu með sér formlegri samvinnu, til dæmis að þau skiptu með sér verkum, þannig að hver samtök sinni ákveðnum hópum eða ákveðnum verkefnum. Fulltrúi Hjálpræðishersins hvatti einnig til meiri samvinnu, að stilla saman strengi. Þannig væri hægt að hjálpa fleirum sem væru hjálparþurfi á markvissari hátt og koma í veg fyrir að verið sé að hjálpa sama fólkinu sem hugsanlega fær aðstoð víða. Það væri ráð að félags- og tryggingamálaráðuneytið stuðlaði að því að koma á fót samráðs- og ráðgjafarhópi að dönsku fyrirmyndinni til að efla samvinnu þriðja geirans og opinberra aðila.

Hjálparsamtök eru í eðli sínu hlutlaus en geta haft frumkvæði að verkefnum í þágu velferðar og mannúðar og verið í málsvarahlutverki fyrir sína skjólstæðinga. Hvatt var til þess að opinberir aðilar nýttu sér betur þann sveigjaleika sem hjálpar- og sjálfboðasamtök hafa til að bregðast við vanda sem upp kemur og nýttu sér þann mannauð sem þar er. Talsmaður Samhjalpar lagði til að komið yrði á fót menntunar- og fræðslusjóði frjálsra félagasamtaka og hvatti til frekari rannsókna á sviðinu. Hann talaði einnig um að samtök þriðja geirans tali ekki nægilega mikið saman, kallaði einnig eftir samvinnu.

Fulltrúi Félags einstæðra foreldra taldi að það væri vænlegra til árangurs að þeir sem þekkja best aðstæður ákveðinna hópa hefðu matarúttektarkort sem þeir gætu dreift til sinna skjólstæðinga. Þannig væru meiri líkur á að hjálpin bærist til þeirra sem væru í mestri þörf fyrir aðstoð.

Fulltrúar Bótar, aðgerðahóps um bætt samfélag, vildu leggja niður hjálparsamtök á 40 dögum og mátti skilja mál þeirra svo að ef ríkið greiddi bótaþegum mannsæmandi bætur væru hjálparsamtök óþörf. Hafa ber í huga að sjálfboða- og hjálparsamtök sinna fleiri verkefnum en að úthluta matargjöfum og borga lyf fyrir fólk í vanda. **Samtök innan þriðja geirans eru öflugur drifkraftur sem hefur verið brautryðjandi í fjölda verkefna og svo verður vonandi áfram þegar ástand batnar.**

Fulltrúar samtakanna sem tóku þátt í samráðsdeginum voru flestir sammála því að til að hjálpa fólk til sjálfshjalpar þá þurfa þau að vinna betur saman og koma einnig á betri formlegri samvinnu við opinbera aðila. **Með því að tala um að hjálpa fólk til sjálfshjalpar erum við að tala um BREYTINGAR, ekki að viðhalda þeim aðstæðum sem fólk er í.**

Í máli Guðbjarts Hannessonar, félags- og tryggingamálaráðherra, kom fram að verið sé að vinna að úrbótum í hinu opinbera velferðarkerfi. Verið sé að móta ákveðin neyslu- og framfærsluviðmið þannig að hægt verði að tryggja að fólk hafi nóg til daglegrar framfærslu. Í dag er þörf fyrir aðstoð frjálsra félagasamtaka við að aðstoða fjölda fólks við að fullnægja grunnþörfunum og með betri samvinnu er eflaust hægt að gera betur og nýta betur bæði þann mannauð sem samtökin hafa á að skipa og það fjármagn sem er til ráðstöfunar.

Niðurstöðum hópanna sem störfuðu á samráðsdaginn voru gerð sérstök skil. Það sem helsta athygli vakti var hve hóparnir voru samhljóma í álitinu um hvernig þriðji geirinn getur betur unnið í þágu þeirra sem þurfa aðstoð. Margir nefndu aukna samvinnu og samráð, einnig málsvarahlutverk hjálparstofnana og mikilvægi greiningar á vandanum.

Samtök sjálfboðaliða og mannúðarsamtök hafa lengi gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku þjóðfélagi. Rannsóknir á einkennum þeirra og framlagi hefur aukist og skilað sér í meiri þekkingu á gildi þeirra. Hvatinn í starfsemi þriðja geirans er óskinn um að bæta aðstæður þeirra sem erfitt eiga og búa okkur öllum betra samfélag. Frjáls félagasamtök hafa haft mikil áhrif á uppbyggingu velferðarþjónustunnar og svo mun verða áfram. Samstarf þriðja geirans og hins opinbera hefur

verið mikið og á mörgum sviðum hafa þessir aðilar bætt hvern annan upp. **Mér fannst tónninn hér í dag vera sá að þetta samstarf þurfi að efla og koma í formlegri farveg. Sá vilji sem hér er til frekara samstarfs má ekki dofna í umræðunni um hver eigi að eiga frumkvæði að slíkum fundi.**

Er sjálfboðið starf og starfsemi hjálparsamtaka jákvæð viðbót og góður valkostur við þjónustu hins opinbera eða ógnun við störf fagfólks og jafnvel sjálft velferðarkerfið? Við þurfum að muna að sjálfboðið starf er annars konar en launað starf opinberra aðila. Það lýtur öðrum reglum og er veitt á öðrum forsendum. Starf þriðja geirans er ómetanleg **viðbót** við þá starfsemi sem opinberir aðilar reka.

Sú umræða sem hér hefur farið fram í dag eykur manni bjartsýni á að með aukinni samvinnu þriðja geirans og opinberra aðila verði hægt að hlúa enn betur að mörgum þeim hópum sem um sárt eiga að binda. Í lok þessa samráðsdags við ég óska ykkur öllum velfarnaðar í ykkar mikilvægu störfum og vona að sú umræða sem hér hefur farið fram verði til þess að **samstarf aukist enn frekar, þeim sem minna mega sín og þjóðfélaginu öllu til heilla.**

Sigurveig H. Sigurðardóttir,  
dósent í félagsráðgjöf,  
Háskóla Íslands.